

24.tbl.

6. júlí. 2022

29 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@jisl.is - s: 8953386



## FJÁRLAGAKVÖLD

UNDIR STJÓRN MARGRÉTAR BÓASDÓTTUR  
OG SÓLVEIGAR ÖNNU JÓNSDÓTTIR ÁSAMT  
GESTASTJÓRNANDA.

### 10. JÚLÍ Í SKJÓLBREKKU

Húsið opnar kl 19:00. Söngur hefst kl 19:30.

Miðasala við hurð. 1.500kr á mann, enginn posí.

Mundu eftir **gulu** og **bláu** bökinni en þær verða einnig til sölu!

### **3. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 23.06.2022 1**

**Fundargerð 3. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Kjarna, miðvikudaginn 22. júní 2022, kl. 13:00.**

Fundinn sátu: Gerður Sigtryggsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Eyþór Kári Ingólfsson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Haraldur Bóasson, Helgi Héðinsson, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Ragnhildur Hólml Sigurðardóttir, Úlla Árdal og Jón Hrói Finnsson.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, Starfmaður.

Helgi Héðinsson vakti málს á því að mál sem K-listi hefði óskað eftir að væru tekin á dagskrá sveitarstjórnarfundar hefðu ekki verið tekin á dagskrá. Oddviti svaraði því til að verið væri að afla upplýsinga um einstök málnefni og því hafi þau ekki verið tekin á dagskrá. Helgi ítrekði beiðni um að málin verði tekin á dagskrá fyrir sumarleyfi. Oddviti bar upp tillögu um að Jóni Hróa Finnssyni væri veitt málfrelsi og tillöguréttur á fundum sveitarstjórnar á meðan hann sinnir verkefnum sem snúa að framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, sem var samþykkt samhljóða. Oddviti bar upp tillögu um að taka tvö mál á dagskrá með afbrigðum. Þau eru mál nr. 2206014 Dvalarheimili aldraðra Húsavík - Aðalfundarboð og nr. 2206046 Ósk um aðgang að reikningum. Sveitarstjórn samþykkit að málin séu tekin á dagskrá.

Dagskrá:

**1. Dvalarheimili aldraðra Húsavík - 2206014** Tilnefning í stjórn Dvalarheimilis aldraðra fyrir hönd Þingeyjarsveitar. Sveitarstjórn tilnefnir Sigurð Guðna Böðvarsson og Eygló Sófusdóttur og til vara Jónu Björg Hlöðversdóttur og Gerði Sigtryggsdóttur. Tillagan var samþykkt samhljóða.

**2. Samþykkt um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar - 2206003** Breytingatíllaga E-lista lögð fram til annarrar umræðu ásamt þeim breytingum sem urðu á milli umræðna. Jafnframt lagðar fram eftirfarandi breytingartíllögur: 1. Í stað "sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar" komi Þingeyjar-sveitar. 2. Að 18. grein falli brott. Að í staðinn komi: Sé sveitarstjórnarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann boða varamann sinn til fundarins og tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra. Varamenn taku sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn pess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast, sbr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga. Tilkynning um sílkt samkomulag skal lögð fram í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka þess. 3. að í stað 5 nefndarmanna í skipulagsnefndi verði þeir sjö. 3. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 23.06.2022 2 Sveitarstjórn samþykkit samhljóða að í stað sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar í titli samþykktarinnar komi Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn samþykkit samhljóða að 18. grein orðist svo: "18. gr. Varamenn í sveitarstjórn. Sé sveitarstjórnarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann boða varamann sinn til fundarins og tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra. Varamenn taku sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn pess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast, sbr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga. Tilkynning um sílkt samkomulag skal lögð fram í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka þess". Rætt var um tillögu um fjölgun fulltrúa í skipulagsnefnd. Helgi Héðinsson lagði til að öllum breytingum á samþykktum verði frestað. Tillagan Helga var feld með fimm atkvæðum gegn fjórum. Tillaga K-lista um að nefndarmenn í skipulagsnefnd verði sjö í stað fimm var borin undir atkvæði. Tillagan var feld með fimm atkvæðum gegn fjórum. Knútur óskaði eftir að eftirfarandi yrði fært til bókar: "Samþykktir undirbúningsstjórnar sameinaðs sveitarfélags, nú Þingeyjarsveit, eru í gildi. Það

stjórnsýslufyrirkomulag sem þær innihalda lýsir framkvæmdastjórn sem í sitja 3 sviðsstjórar ásamt kjörnum formanni framkvæmdastjórnar. Í þeim er ekki skilgreint hlutverk sveitarstjóra / framkvæmdastjóra og því erfitt að ráða slíkann fyrir en þær breytingar sem nú er fjallað um ganga í gegn. Þess vegna liggur á að afgreiða þetta. Með þessu er ekki gefið í skyn að samþykktir skuli umgangast á léttvægan hátt, þær eru vissulega hryggjarstyktið í stjórnsýslu sveitarfélagsins. En staðan er þannig að á þessu liggur. Því tel ég ekki að rétt sé að samþykktja fleiri breytingar að svo stöddu. Varðandi önnur mál tengd samþykktinni þá er viðbúið að við samruna stjórnsýslukerfa sveitarfélaganna að reynsla næstu mánaða leiði í ljós að einhverjar úrbætur séu æskilegar. Þá er hægt að fara yfir mál eins og að breyta nefndum og meðal annars taka til skoðunar tillögu um að fólga í skipulagsnefnd úr 5 í 7 og fleira sem mun þurfa endurskoðunar við. Nú liggur hins vegar á að koma þessari breytingu í ferli og til ráðuneytis, enda eru aðrar breytingar en brotthvarf frá stjórnsýslutilraun, auðsóttar síðar, samanber sögu breytinga á samþykktum" Fulltrúar E-lista draga til baka tillögur sína um að breyta ákvæðum um vanhæfi og fjölda sveitarstjórnarfulltrúa, sbr. 12. og 29. grein breytingartillögu. Farið var yfir áorðnar breytingar á samþykktunum, grein fyrir grein, hver grein sem breytingarnar varða borin undir atkvæði. Atkvæði felli þannig: Breyting á titli: Samþykkt samhljóða 4. tl. 5. gr.: 5 samþykka, 4 eru á móti. 14. tl. 5. gr.: Samþykkt samhljóða. 1. mgr. 7. gr.: 5 samþykka, 4 sitja hjá. 5. mgr. 7. gr.: 5 samþykka, 1 er á móti, 3 sitja hjá. 1. mgr. 8. gr.: 5 samþykka, 4 sitja hjá. 2. mgr. 8. gr.: 5 samþykka, 4 eru á móti. 1. mgr. 9. gr.: 5 samþykka, 1 er á móti, 3 sitja hjá. 1. mgr. 10. gr.: 5 samþykka, 2 eru á móti, 2 sitja hjá. 3. mgr. 14. gr.: 5 samþykka, 4 sitja hjá. d-liður 16. gr.: 5 samþykka, 4 sitja hjá. g-liður 16. gr.: 5 samþykka, 3 eru á móti, 1 situr hjá. 18. gr.: 5 samþykka, 4 sitja hjá. 3. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 23.06.2022 3.3. og 4 mgr. 21. gr.: 5 samþykka, 4 sitja hjá. 5. mgr. 29. gr.: 5 samþykka, 2 eru á móti, 2 sitja hjá. d-liður 40. gr.: 5 samþykka, 4 eru á móti Helgi óskaði eftir að eftirfarandi væri fært til bókar: „Gerি athugasemdir við að ekki hafi verið komið til móts við margvíslegar athugasemdir sem fram komu á fundir sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 15.06 hvað varðar íbúaráðin og starfsemi þeirra“. Atkvæðagreiðslu var fram haldið: 41. gr.: 5 samþykka, 2 eru á móti, 2 sitja hjá. 43. gr.: 5 samþykka, 2 eru á móti, 2 sitja hjá. Fyrirsogn VI kafla: 5 samþykka, 2 eru á móti, 2 sitja hjá. 44. gr.: 5 samþykka, 4 eru á móti. 45. gr.: 5 samþykka, 4 eru á móti. 46. gr.: 5 samþykka, 4 eru á móti. 47. gr.: 5 samþykka, 4 eru á móti. 48. gr.: 5 samþykka, 2 eru á móti, 2 sitja hjá. (48 g. fellur brott. Hér eftir er vísað í ný númer greina) 48. gr.: 5 samþykka, 2 eru á móti, 2 sitja hjá. 58. gr.: 5 samþykka, 2 eru á móti, 2 sitja hjá. 65. gr.: 5 samþykka, 4 eru á móti.

Helgi ítrekaði bókun sína frá 1. fundi sveitarstjórnar þar sem afdráttarlaust er lagst gegn breytingum á gildandi samþykktum. Tillögur E-lista að breytingum á samþykkt um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, með áorðnum breytingum eru samþykktar með fimm atkvæðum. Tveir greiða atkvæði gegn breytingunum og tveir sitja hjá. Sveitarstjórn samþykkir að vísa samþykktinni með áorðnum breytingum til yfirlestur lögfræðings. Ef ekki koma fram veigamiklar efnislegar athugasemdir skal endurskoðuð samþykkt sendar til innviðaráðuneytis til staðfestingar. Komi fram efnilegar athugasemdir skulu þær bornar undir sveitarstjórn.

**3. Heimild til hækjunar á yfirdráttarheimild - 2206013** Að mati fjármálastjóra og ráðgjafa er lausafjárbörf sveitarfélagsins um 70 m.kr. meiri en áætlað var þegar óskað var eftir 50 m.kr. yfirdráttarheimild á fundi sveitarstjórnar þann 15.6. Óskað er eftir heimild sveitarstjórnar til að hækka yfirdráttarheimild sveitarfélagsins um 70 m.kr. Í 6 mánuði þannig að hún verði 120 m.kr. Samþykkt með fimm atkvæðum. Fjórir sitja hjá. Sveitarstjórn samþykkir heimild til hækjunar á yfirdráttarheimild um allt að 70 mkr og gildir sú heimild næstu 6 mánuði. Gísla Sigurðssyni er falið að sækja um hækjunina.

**4. Fundartímar sveitarstjórnar 2022-2023 - 2206029** Samkvæmt 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal sveitarstjórn halda reglulega fundi á þeim stað og tíma sem ákveðið er fyrir fram eða mælt er fyrir um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Tillaga liggur fyrir um fundatíma sveitarstjórnarfunda með fyrirvara um breytingar. Sveitarstjórn samþykkir að sveitarstjórnarfundir verða að jafnaði haldnir annan og fjórða miðvikudag í mánuði kl. 13.00. Fundarstaðir verða auglýstir hverju sinni. Síðasti fundur sveitarstjórnar fyrir sumarfrí 2022 verður 6.júlí. Fundir eftir sumarleyfi 2022 verði eftirfarandi: 17.8.2022 3. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 23.06.2022 4 31.8.2022 14.9.2022 28.9.2022 12.10.2022 26.10.2022 9.11.2022 23.11.2022 - fyrri umræða um fjárhagsáætlun 7.12.2022 - síðari umræða um fjárhagsáætlun 21.12.2022 11.1.2023 25.1.2023 8.2.2023 22.2.2023 8.3.2023 22.3.2023 12.4.2023 - fyrri umræða um ársreikning. 26.4.2023 - síðari umræða um ársreikning. 10.5.2023 24.5.2023 14.6.2023 28.6.2023 16.8.2023 30.8.2023 13.9.2023 27.9.2023 11.-10.2023 25.10.2023 8.11.2023 22.11.2023 - fyrri umræða um fjárhagsáætlun 6.12.2023 - síðari umræða um fjárhagsáætlun 20.12.2022 Samþykkt með fimm atkvæðum. Fjórir sitja hjá.

**5. Kosningar í nefndir, ráð og stjórnir - 2206018** Á síðasta fundi sveitarstjórnar var kosið í fastaneftndir. Eftir kosningu kom í ljós að fyrsti varamaður E-lista í íþrótt- og tómstundaneftnd er ekki kjörgengur. Lagt er til að Unnsteinn Ingason taki sæti fyrsta varamanns í staðinn. Síðan verður kosið í yfirkjörstjórn, fjallskilanefnd og stjórnir og ráð. Afgreiðslu frestað.

**6. Kosningar til sveitarstjórnar 2022 - skýrsla yfirkjörstjórnar. - 2206007** Samkvæmt 19. gr. kosningalaga nr. 112/2021 er greinargerð yfirkjörstjórnar Þingeyjarsveitar og Skútustáðahrepps vegna nýfestaðinna sveitarstjórnarkosninga lögð fram. Fjöldi kjósenda á kjóskrá voru 1.034 Greidd atkvæði alls voru 819 Gildir atkvæðaseðlar voru 797 Auðir seðlar og ógildir voru 22 Atkvæði greidd E-lista voru 439 eða 55,1% og fjöldi kjörinna fulltrúa er 5 Atkvæði greidd K-lista voru 358 eða 44,9% og fjöldi kjörinna fulltrúa er 4 3. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 23.06.2022 5 Lagt fram til kynningar.

**7. Starfskjör kjörinna fulltrúa og nefndarmanna 2022-2026 - 2206020** Sveitarstjórn skal ákveða hæfilega þóknun fyrir störf sín sbr. 132. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lagt fram minnisblað frá Tryggva Þórhallssyni. Lagt er til að þingfararkaup verði lagt til grundvallar nú í upphafi nýs kjörtímabils og er það kr. . Sú grunnfjárhæð tekur breytingum í samræmi við ársfjórðungslega bróun launavísitölu starfsmanna sveitarfélaga. Notast verður við sömu hlutföll af grunnfjárhæð eins og þau sem gilt hafa í Þingeyjarsveit frá 2018 og eru: Mánaðarlaun kjörinna fulltrúa 10% Mánaðarlaun oddvita 15% Greitt pr. Fund sveitarstjórnarmanna 2,5% Greitt pr fund oddviti og formenn nefnda 3,5% Greitt pr fund, varafulltrúar 4% Sveitarstjórn samþykkir að fresta umræðu um kjör sveitarstjórnarmanna en að greitt verði fyrir fundi í júní 2022 samkvæmt kjörum sveitarstjórnarmanna í Þingeyjarsveit á síðasta kjörtímabili.

**8. Umsókn um tónlistarnám - 2206033** Tekið fyrir erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri dags. 14.06.2022 þar sem óskað er eftir að lögheimilissveitarfélag greiði kostnað vegna tónlistarnáms eins nemenda á grundvelli samkomulags sem ríki og sveitarfélög undirrituðu árið 2011 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til efplingar tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðu nemenda. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

**9. Erindi frá umboðsmanni Alþingis - 2206010** Sveitarstjórn hefur borist erindi frá Umboðsmanni Alþingis varðandi kvörtun umsækjanda um stöðu skólastjóra í Stórvitjarnaskóla. Sveitarstjórn samþykkir með fimm atkvæðum að fela Jóni Hróða Finnssyni að óska eftir fundi með málsaðila í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis. Fjórir sitja hjá.

**10. Kálfaströnd leigusamningur - 2206023** Borist hefur erindi frá RAMÝ þar sem óskað er eftir framlengingu leigusamnings um íbúðarhúsið á Kálfaströnd. Til staðar er leigusamningur

sem gerður var á milli RAMÝ og fyrri eiganda jarðarinnar. Síðasta endurnýjun fór fram 2020 og rennur sá samningur út 31.8.22. Afgreiðslu frestað.

**11. Kálfaströnd - veiðiréttur sumar 2022 - 2202005** Eftirfarandi þrjú tilboð hafa borist í sumarveiðirétt Kálfastrandar: Halldór Árnason, býður 100.000 í Kálfaströnd 1 og 100.000 í Kálfaströnd 2. Þórhallur Kristjánsson, býður 300.000 í Kálfaströnd 1 og 250.000 í Kálfaströnd 2 Sverrir Karlsson býður 102.000 í annan hvorn veiðiréttinn. Ábending barst um að skv. ákvæði 13.a. í skilmánum kaupsamnings frá 3. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 2-3.06.2022 6 28.11.2021 hefur fyrri eigandi jarðarinnar nýtingarrétt á 10% af silungsveiði jarðarinnar. Þar með hefur sveitarfélagið eingöngu heimild til útboðs á 90% veiðiréttarins. Sveitarstjórn samþykkir að fela Jóni Hróa að ganga til samninga við hæstbjóðanda með tilliti til mögulegrar nýtingar fyrri eiganda jarðarinnar. Samþykkt með átta atkvæðum. Einn situr hjá.

**12. Fish&Chips við Mývatn: Umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi - 2206031** Lögð er fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 10.05.2022 þar sem Unnar Sigurðardóttir f.h. The Little Fish Company ehf., sækir um rekstrarleyfi Veitingaleyfi - A Veitingahús, flokkur II, að Hraunvegi 8 (gamla Kaupfélagshlúsinu) við Mývatn. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

**13. Romulus ehf: Umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi - 2205020** Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra dags. 25.05.2022, þar sem Aðalgeir Ásvaldsson f.h. Romulus ehf sækir um rekstrarleyfi til reksturs Gististaðir í Flokki II-C Minna gistiheimili í húsnæði Hótel Tjarna í Stórutjarnaskóla. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

**14. Gamla búðin Vaglaskógi - 2206027** Borist hefur erindi frá Geir Hólmarssyni, Akureyri þar sem hann óskar eftir kaupum á Gömlu búðinni Vaglaskógi. Afgreiðslu frestað.

**15. Áskorun um lækkun fasteignagjalfa á atvinnuhúsnæði - 2206022** Borist hefur erindi frá Félagi atvinnureknda þar sem skorað er á sveitarfélög að lækka fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði. Afgreiðslu frestað.

**16. Greið leið ehf Aðalfundarboð - 2005014** Borist hefur aðalfundarboð Greiðrar leiðar. Fundurinn fer fram á Teams 28.06.2022 kl. 13.00. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Knútur Emil Jónasson taki þátt í fundinum f.h. Þingeyjarsveitar.

**17. Erindi Mennta- og barnamálaráðuneytis um stuðning við sveitarfélög vegna móttöku barna á flóttu frá Úkraníu. - 2203018** 3. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 23.06.2022 7 Lagt er fram til kynningar erindi Mennta- og barnamálaráðuneytis um stuðning við sveitarfélög vegna móttöku barna á flóttu frá Úkraníu. Lagt fram til kynningar.

**18. SSNE - Fundargerð 38. fundar. - 2002017** Lögð fram til kynningar fundargerð 38. fundar SSNE. Lagt fram til kynningar.

**19. Ósk um aðgang að reikningum - 2206046** Óskað er eftir leyfi sveitarstjórnar til að veita Gísla Sigurðssyni fullan aðgang að öllum reikningum sveitarfélagsins og Jóni Hróa Finnssyni skoðunaraðgang í vefbönkum. Sveitarstjórn samþykkir að veita umræddar heimildir með átta atkvæðum. Einn situr hjá. Fundi slitið kl. 16:15. .

Frá Heilsugæslustöðinni Hlíðavegi 8, Mývatnssveit

**SUMRIÐ 2022 VERÐA OPNUNARTÍMAR**

**HEILSUGÆSLUNNAR Í MÝVATNSSVEIT**

**EFTIRFARANDI**

**Viðtalstímar hjúkrunarfraðings:** Alla virka daga frá kl. 11-12 og aðrir tímarr eftir samkomulagi í síma 464-0660

**Blóðprufur:** Á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 8:30-9:30

**Móttaka lækna:** á milli kl. 13-15 á mánudögum og á milli kl. 10-12 á fimmtudögum. Tímapantanir í síma 464-0501 eða 464-0660

**Lyfjaendurnýjun:** í síma 464-0500 frá kl. 9-9.30 alla virka daga

**Vaktsími vagna bráðra veikinda:** frá kl. 8:15 – 9:00 og kl. 13:00 til 13:30 í síma 464-0500

**Vaktsíminn 1700 er opinn allan sólarhringinn**

**Slys og alvarleg veikindi þar sem bráðrar þjónustu er börf – hringið í**

Það finna allir eitt hvað við sitt hæfi á Unglingalandsmóti UMFÍ

Friðsar  
Pílukast

Pilukast

Biathlon

Taekwondo

Upplestur

Strandhandbokti

Strandblak

riðar

Borðtennis

Fimleikalíf

Golf

Kökuskreýtingar

# *Skák* Stafsetning Bogfimi Glíma

Hestaíþr  
Sund

HSP niðurgreiðir þáttökugjöld fyrir iðkendur af svæðinu. Frábærfjölskylduskemmtun á Selfossi 29.-31. júlí.

Dagskrá fyrir alla, keppni fyrir 11-18 ára.  
Skráningu lýkur 25. júlí – [www.ulm.is](http://www.ulm.is)



Fésbókarhópur: HSP á unglingsalandsmóti

## LYFJA

**Heilsugæslustöðinni Hlíðavegi 8**

**auglýsir sumaropnun 2022**

**LYFJA er opin**

**alla virka daga 10-14**

**Lyfja er með síma 464-0662**

### LYFJA - PHARMACY BRANCH

**Is open Monday til Friday from 10-14**

**Phonenumber (+354) 464-0662**



### **OPIÐ HÚS í RAMÝ laugardaginn 9. júlí kl. 15 - 17**

Laugardaginn 9. júlí verður **OPIÐ HÚS** í Ramý, Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn – klukkan þrjú til fimm, í húsi Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn á Skútustöðum (Húsið vestan við Skjólbrekku).

Vísindafólk Ramý kynnír rannsóknir sínar á lífríki vatnsins og sýnir með ýmsum hætti hvað verið er að fást við.

Allir eru hjartanlega velkomnir, jafnt börn sem fullorðnir. Kaffí á könnunni. Bílastæði við Skjólbrekku.

**OPEN HOUSE at the RAMY Nature Station  
Saturday July 9th between 15 - 17**

There will be an OPEN HOUSE in RAMÝ, The Mývatn Nature Research Station, at the Ramý house in Skútustaðir (beside Skjólbrekka).

Ramy's scientists will give insight into their research on the life in the lake and surroundings.

Everyone is welcome. Parking at Skjólbrekka house.